

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Geislavarna ríkisins.

*1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinna Geislavarnir ríkisins?*

Kveðið er á um lögbundin verkefni Geislavarna ríkisins í 5. gr. laga nr. 44/2002, um geislavarnir. Í 1. mgr. segir að Geislavarnir ríkisins skuli annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum nr. 44/2002 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé fylgt.
  2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum nr. 44/2002 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
  3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.
  4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi og aðstæðum sem lög þessi taka til.
  5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlandis.
  6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
  7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmíðla.
  8. Rannsóknir á sviði geislavarna.
  9. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar vegna hvers kyns geislavár, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
  10. Nauðsynlega mælisfræði og varðveislu landsmæligrunna vegna notkunar jónandi geislunar á Íslandi.
  11. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.
  12. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- Þá segir í 3. mgr. að stofnunin skuli undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.
- 2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Geislavarna ríkisins og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*
- Fjárlög gera ráð fyrir 104,9 millj. kr. til rekstrar Geislavarna ríkisins á þessu ári. Fjárheimildin er ætluð til að sinna verkefnum stofnunarinnar og er ekki sundurliðuð sérstaklega.